

Uppeldi og agi

Uppeldi barna hefur breyst mikið undanfarna áratugi og hefur færst í auknum mæli frá heimilum og yfir á skólastofnanir. Þrátt fyrir það eru foreldrar aðalfyrirmyndir barnanna sinna og gegna veigamesta hlutverkinu í lífi þeirra. Börn á leikskólaaldri eru sífellt að læra nýja hluti, spyrja, hlusta, læra af umhverfinu og af öðrum börnum. Þau eru að mótast sem einstaklingar. Þess vegna er mjög mikilvægt að hjálpa þeim við þetta mikilvæga verkefni og veita þeim hæfilega mikið aðhald. Hægt er að koma í veg fyrir að börn þrói með sér óæskilega hegðun með því að styðjast við skynsamlegar uppeldisaðferðir.

Stundum styðjast kennarar við ákveðin kerfi sem eru til þess gerð að takast á við erfiða hegðun eða mótþróa. Skólastofnanir innan Reykjaneshæjar styðjast við kerfi sem nefnist SOS og byggist upp á hrósi og hundsun.

Boðið er upp á námskeiðið SOS sem er kennsla í uppeldistækni og hugsað sem hjálp fyrir foreldra og starfsfólk sem starfar með börnum. Boðið er upp á námskeiðið fyrir alla foreldra tveggja ára barna í Reykjaneshæ sem almenna forvörn.



Hollráð

- Í uppeldi felst allt - umhyggja, aðbúnaður og fordæmi - sem foreldrar og kennarar búa börnunum frá grunni
- Uppeldi er samstarfsverkefni foreldra og kennara þar sem skipulag, sameiginlegar ákvarðanir, skýr markmið og góð samvinna er mikilvæg.
- Foreldrar eru mikilvægar fyrirmyndir barna sinna, ekki síst um félagshegðun og samskipti. Börn læra það sem fyrir þeim er haft hvort sem við ætlum það eða ekki
- Agi er ekki bara til að taka á erfiðri hegðun, heldur það að veita börnum leiðsögn um hvað er rétt og hvað er rangt í hegðun og samskiptum. Góður agi veitir öryggi og hjálpar börnum að læra sjálfstjórn.
- Reglur eru nauðsynlegar í uppeldi. Þær þurfa að vera sanngjarnar, sýnilegar, ekki of margar og þannig að hægt sé að fylgja þeim.
- Tími til samvista við börn er mikilvægur og þá án þess að stöðugt sé verið að gera eitthvað annað í leiðinni. Það þarf að hlusta á börn, ekki bara tala til þeirra.
- Það þarf að taka eftir æskilegri hegðun hjá börnum og veita þeim athygli þegar þau eru að gera það sem við erum ánægð með. Of algengt er að börn fái helst athygli þegar þau gera eitthvað af sér.
- Langar setur við sjónvarp eða tölvu eru ekki hollar fyrir börn, hvorki andlega né líkamlega. Það er á ábyrgð foreldra að ákveða hve mikið börn horfa á sjónvarp og á hvað.

(upplýsingar úr þessum kafla eru héðan og þaðan en mestmegnis af vef Lýðheilsustöðvar)